

– Þyrstir í Orð Guðs

Viðtal við þrjú ungmenni frá þorpi nokkru í Mið-Asíu. Þau heita Anvar (19), Yasmina (17) og Gulmira (21).

Þau hafa reynt á eigin skinni hversu erfitt það getur verið að vera kristinn í landinu, þar sem þau búa. Biblíur tveggja þeirra hafa verið gerðar upptækar.

– Lögreglan gerði Biblíuna mína upptæka fyrir tveimur vikum, segir Anvar (19). Áður fyrr var öll fjölskyldan mín kristin. En svo skildu foreldrar mínir. Nú bý ég ásamt móður minni, sem hefur fallið frá trúnni á Krist. Ég komst sjálfur til trúar fimmtán ára gamall. Ég á tvo bræður sem ekki eru kristnir.

Við spyrjum, hversu mikilvæg Biblían sé þeim sem kristnum ungmennum í Mið-Asíu.

– Biblían er gríðarlega mikilvæg, við áttum fleiri Biblíur áður, en þær voru gerðar upptækar. Við áttum Biblíu á rússnesku, en það eina sem við eigum nú eftir er eitt Nýja testamenti frá Biblíufélaginu, segir Gulmira.

– Hvað gerðist þegar Biblíurnar voru teknar?

Gulmira segir: Við vorum í kirkjunni á hverju kvöldi. Kvöld nokkurt fengum við símtal frá einhverjum sem sögðu ekki til sín, aðeins að þeir biðu okkar fyrir utan húsið okkar. Ég skynjaði strax um hvað málið snerist.

– Þeir sögðu okkur í símanum að þeir vildu okkur ekkert illt, aðeins spjalla. En þegar þeir komu, lögðu þeir hart að móður minni og systur að þær afhentu sér allar trúarlegu bækurnar á heimilinu, hvort sem um var að ræða Biblíur á rússnesku, messubækur eða bækur með glósum úr prédikununum í kirkjunni.

– Þeir lásu glósumnar okkar og síðan allar bækurnar lauslega. Þá vildu þeir að mamma og systir mín kvittuðu fyrir að þessar bækur hefðu fundist hjá okkur og verið gerðar upptækar. Móðir mín vildi ekki skrifa undir, en þarna voru fjórir fílefldir karlmenn sem þrýstu á hana. Þeir fengu nokkur vitni til þess að staðfesta að þessi rit hefðu fundist hjá okkur.

– Faðir minn var áður virkur í kirkjunni, en vegna þrýstings og ofsókna tók hann að halda sig fjarri kirkjunni.

– Við þurftum að fara á lögreglustöðina og skrifa undir pappírana þar. Við báðumst mikið fyrir er við fórum þangað og vorum yfirheyrð. Mamma hágrét og henni fannst þetta óréttlátt. Málið fór fyrir réttinn og við fengum sekt. Guð hjálpaði okkur að afla peninga til þess að borga sektina og vinir okkar í kirkjunni báðu fyrir okkur.

Opinberlega má eiga Biblíu í landinu þar sem ungmennin búa. Samt gerist það oft að staðbundnir embættismenn gera eitthvað þessu líkt.

– Slíkt gerist sí og æ, segir Gulmira.

– Síðast kom það fyrir hjá Anvar fyrir mánuði.

– Þeir komu klukkan sex um morguninn, á meðan allir sváfu, segir Anvar.

– Þeir spurðu eftir mér. Þeir sögðust vita að ég ætti tölvu og þeir ætluðu sér að taka hana.

– En þeir litu ekki einu sinni við tölvunni — þeir gengu rakleiðis að bókahillunni minni. Þegar þeir sáu Biblíuna mína tóku þeir hana.

– Móðir mín, sem ekki er trúuð, spurði hvað þeir vildu. Þeir sögðust hafa eftirlit með trúarlegum bókmenntum. Þeir tóku út allar bækurnar mínar og sögðust þurfa að skoða þær. Einn þeirra bað mig um að taka allar kristilegar bækur frá og hann skrifaði niður titla þeirra. Ég tók aðeins þær bækur fram, sem ég taldi vera meinlausar og reyndi að forðast þær sem fjölluðu um boðun og trúboð og til allrar hamingju staðnæmdust þeir ekki við þær bækur.

– Þeir fóru til nágrennanna og fengu þá til að skrifa undir vitnisburð. Þeir tóku tölvuna mína með sér, minnislykil, mótaldir mitt og geisladiska.

– Þegar ég kom á lögreglustöðina, sá ég fleira kristið fólk úr kirkjunni minni. Flest var þetta eldra fólk, við vorum bara tvö ungmenni þarna. Ég var spurður hvenær ég hefði snúist til trúar og hvort nokkur hefði neytt mig til þess. Ég sagðist vera kristinn af fúsum og frjálsum vilja, án utanaðkomandi aðstoðar. Þeir fengu nafn prestsins míns og ég þurfti að skrifa niður útskýringu á því hvernig ég komst til trúar, um allar bækurnar sem ég átti og efni þeirra.

– Síðan vildu þeir fá mig til þess að halda því fram að ég stundaði götutrúboð og dreifði bókum og Biblíum til nágrennanna. Ekkert af þessu var satt. Það eina sem ég hafði sagt nágrönnunum var að ég ætti sjálfur Biblíu.

Við spyrjum um þá biblíutexta sem eru ungmennunum mikilvægastir.

– Ég á tvo upphaldstexta, segir Yasmina.

– Annar þeirra er Jóhannes 3.16, og hinn fjallar um að ég megna allt fyrir þann styrk sem ég fæ frá Jesú Kristi: „Allt megna ég fyrir hjálp hans sem mig styrkan gerir“ (Fil 4,13).

Við spyrjum hvort þau vilji senda biblíuvinum kveðju. Gulmira segir:

– Ég get sagt frá hóp kristinna manna í landinu okkar sem þrátt fyrir ofsóknir þyrstir í Orð Guðs, og kirkjurnar dafna. Vegna ofsóknanna getum við ekki lengur komið saman á samkomum, námskeiðum og í hópum. Áður fyrr höfðum við gjarnan bænastundir klukkan sex að morgni. Og við sáum að það bar ávöxt — hvernig kirkjan dafnaði. Nú höfum við þurft að hætta því.

– En hljóðbiblían hefur verið mikið þarfaþing. Við höfum safnast saman í fjögurra til fimm manna hópum og hlustað á biblíutextann af hljóðupptökum. Nú þykir of áhættusamt að njóta slíkra samverustunda, en eftir sunnudagssamkomurnar verðum við eftir og hlustum á hljóðbiblíurnar.

Hver er ykkar framtíðarvon ?

– Von mín er sú að kirkjan dafni og fleiri snúi aftur segir Anvar.

– Ég treysti því að margt fólk í kringum okkur, bæði vinir og fjölskylda, hafi getað sáð fræi og að Guð muni með tímanum leiða það til kirkjunnar — og að hin nýja, stóra kirkja fyllist friði, segir Gulmira.